

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Akra, Ljósakur 2-8 (2-10).

Breytingin gerir ráð fyrir fækkun fjölbýlishúsa við Ljósakur um eitt, þ.e. í stað 5 bygginga komi fjórar og fækkar lóðum því um eina. Langhlið byggingarreita er óbreytt eða 24 metrar. Skammhlið byggingarreita verður 14,5 m í stað 12 og færast þeir nær götu en fjarlægð þeirra frá húsum við Hjálmakur er sú sama. Gert er ráð fyrir 12 bílastæðum á hverri lóð.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulag Flata, Sunnuflöt 33.

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits bifreiðargeymslu um 4 m².

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 20. september 2011.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2011